

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

98/EES/47/01	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/JV.15 - BT/AT&T)	1
98/EES/47/02	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1252 - AT&T/TCI)	2
98/EES/47/03	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1359 - Royale Belge/Anhyp)	2
98/EES/47/04	Ný tilkynning um samfylkingu fyrirtækja sem áður hefur verið tilkynnt (Mál nr. IV/M.1293 - British Petroleum/Amoco)	3
98/EES/47/05	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1306 - Berkshire Hathaway/General Re)	3
98/EES/47/06	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1332 - Thomson/Lucas)	4
98/EES/47/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1339 - ABB/Elsag Bailey)	4

98/EES/47/08	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1188 – Kingfisher/Wegert/Promarkt)	5
98/EES/47/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1320 – LGV/Dorana/Emtec)	6
98/EES/47/10	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1279 – CDE/La Henin)	6
98/EES/47/11	Samrunareglugerðin gildir ekki um tilkynnta samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1315 – ENW/Eastern)	7
98/EES/47/12	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 10/97 (áður NN 9/97) - Portúgal	7
98/EES/47/13	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 44/98 (áður N 708/97) - Holland	7
98/EES/47/14	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 54/98 (áður N 101/98) - Þýskaland	8
98/EES/47/15	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 56/98 (áður NN 42/98) - Þýskaland	8
98/EES/47/16	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki	9
98/EES/47/17	Skrá yfir skjöl er varða EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 5. 10. til 16. 10. 1998	10
3. Dómstóllinn		
98/EES/47/18	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna	11
98/EES/47/19	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi	13

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/JV.15 - BT/AT&T)

98/EES/47/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. nóvember 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin British Telecommunications plc (BT) og AT&T öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yferráð yfir nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - BT: fjarskiptaþjónusta og sala á fjarskiptabúnaði,
 - AT&T: talsíma- og gagnafjarskiptaþjónusta, upplýsingatækni,
 - fyrirtækið um sameiginlega verkefnið: útvegum á netaðstöðu og samskiptaþjónusta um allan heim.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 342, 10. 11. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/JV.15 - BT/AT&T, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate C – Information, Communication and Multimedia
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1252 - AT&T/TCI)****98/EES/47/02**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. nóvember 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin AT&T og Tele-Communications Inc. (TCI) sameinast að öllu leyti í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - AT&T: fjarskiptaþjónusta,
 - TCI: kapalfjarskiptaþjónusta.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 342, 10. 11. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1252 - AT&T/TCI, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1000 Brussels

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1359 - Royale Belge/Anhyp)****98/EES/47/03**

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. október 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Royale Belge, sem tilheyrir samstæðunni AXA-UAP, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir Anhyp SA (Anhyp), með opinberu yfirtökubóði.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - AXA-UAP: tryggingar, bankastarfsemi og fjármálaþjónusta,
 - Royale Belge: tryggingar, bankastarfsemi og fjármálaþjónusta,
 - Anhyp: banka- og fasteignastarfsemi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 339, 7. 11. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1359 - Royale Belge/Anhyp, á eftirfarandi heimilisfang:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1000 Brussels

**Ný tilkynning um samfylkingu fyrirtækja sem áður
hefur verið tilkynnt
(Mál nr. IV/M.1293 - British Petroleum/Amoco)**

98/EES/47/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. september 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin British Petroleum Company p.l.c. og Amoco Corporation sameinast í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins.
2. Þessi tilkynning var lýst ófullnægjandi 9. október 1998. Hlutaðeigandi fyrirtæki hafa nú lagt fram tilskildar viðbótarupplýsingar. Tilkynningin öðlaðist gildi í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 4064/89 þann 20. október 1998. Þar af leiðandi tók tilkynningin gildi 30. 10. 1998.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjttíð. EB nr. C 342, 10. 11. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1293 - British Petroleum/Amoco, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1306 – Berkshire Hathaway/General Re)**

98/EES/47/05

Framkvæmdastjórnin ákvað 18. 9. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1306. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjttíð. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjttíð. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1332 - Thomson/Lucas)****98/EES/47/06**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. nóvember 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Thomson UK Holdings Ltd (Thomson), sem tilheyrir samstæðunni Thomson CSF, og Lucas Industries Plc (Lucas), sem tilheyrir samstæðunni Lucas Varity Plc, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yferráð yfir Lucas Varity Thomson CSF Autocruise Ltd, með kaupum á hlutabréfum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Thomson: rafeindatekni á sviði iðnaðar og varnarkerfi,
 - Lucas: framleiðsla og sala á hátæknikerfum til m.a. bíla- og flugiðnaðarins,
 - Lucas Varity Thomson: framleiðsla og sala á hraðastýringarhlutkerfi til bílaiðnaðarins.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjttíð. EB nr. C 343, 11. 11. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1332 - Thomson/Lucas, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B – Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1000 Brussels

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1339 - ABB/Elsag Bailey)****98/EES/47/07**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. nóvember 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið ABB Transportation Participations B.V. (ABB TP), sem tilheyrir ABB-samsteypunni, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yferráð yfir Elsag Bailey Process Automation N.V. (EBPA), sem nú er undir stjórn Finmeccanica S.p.A., með opinberu yfirtökubóði sem var auglýst 20. október 1998.
2. Fyrirtækið ABB TP annast verkfræði- og framleiðslustarfsemi og fyrirtækið EBPA framleiðir sjálfstýrðan vinnslubúnað.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjttíð. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjttíð. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjttíð. EB nr. C 342, 10. 11. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1339 - ABB/Elsag Bailey, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B – Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1000 Brussels

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1188 – Kingfisher/Wegert/Promarkt)**

98/EES/47/08

Framkvæmdastjórnin ákvað 18. 6. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1188. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1320 - LGV/Dorana/Emtec)****98/EES/47/09**

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. nóvember 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Legal & General Assurance Society Ltd, sem tilheyrir Legal & General Group plc, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir Kohap Emtec Holding GmbH, með kaupum á eignum ásamt stjórnunarsamningi.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Legal & General Assurance Society Ltd: líf- og lífeyristryggingar, stjórnun fjárfestinga,
 - Kohap Emtec Holding GmbH: framleiðsla og sala á segulböndum og öðrum gagnageymsluvörum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjttíð. EB nr. C 344, 12. 11. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1320 - LGV/Dorana/Emtec, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B – Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1000 Brussels

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1279 – CDE/La Henin)****98/EES/47/10**

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. 9. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á frönsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CFR“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1279. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjttíð. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjttíð. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Samrunareglugerðin gildir ekki um tilkynnta samfylkingu fyrirtækja 98/EES/47/11
(Mál nr. IV/M.1315 – ENW/Eastern)**

Framkvæmdastjórnin komst 15. 10. 1998 að þeirri niðurstöðu að tilkynnt aðgerð í fyrrnefndu máli félli ekki undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ vegna þess að hún myndar ekki samfylkingu í skilningi 3. gr. hennar. Þessi ákvörðun byggist á a-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fáanleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fáanleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1315. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 10/97 (áður NN 9/97)
Portúgal

98/EES/47/12

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að fella niður málsókn sem hafin var samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar sem Portúgal ætlar að veita skipasmíðastöðinni Lisnave (sjá nánari útlistun í Stjútíð. EB nr. C 334 frá 31. 10. 1998).

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 44/98 (áður N 708/97)
Holland

98/EES/47/13

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna ríkisstyrks til fyrirtækisins Nerefco (sjá nánari útlistun í Stjútíð. EB nr. C 334 frá 31. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjútíð. EB, við:

European Commission
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Holland.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjútíð. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjútíð. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 54/98 (áður N 101/98)
Þýskaland

98/EES/47/14

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna ríkisstyrks til fyrirtækisins Graphischer Maschinenbau GmbH, Berlín (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 336 frá 4. 11. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

European Commission
Directorate IV/H/2
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels
Bréfasími: (+32) 2 296 98 16

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 56/98 (áður NN 42/98)
Þýskaland

98/EES/47/15

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna ríkisstyrks til stofnenda fyrirtækja (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 334 frá 31. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

European Commission
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 98/EES/47/16 **Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki**

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt danska áætlun um ríkisaðstoð til að þjálfa fólk til starfa sem á í erfiðleikum með að fara aftur út á vinnumarkaðinn, ríkisaðstoð nr. N 117/98 (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 314 frá 13. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska áætlun um ríkisaðstoð til að fjármagna endurskipulagningu á samvinnufélaginu CATA Hótel sem starfar á sviði þjónustu, ríkisaðstoð nr. N 346/98 (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 314 frá 13. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um ríkisaðstoð til að efla rannsóknar- og þróunarstarfsemi á sviði framtíðartækni, ríkisaðstoð nr. NN 32/98 (N 414/97) (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 314 frá 13. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska áætlun um ríkisaðstoð til að stuðla að alþjóðavæðingu fyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 77/98 (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 314 frá 13. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt gríska aðstoð til ungra fiskimanna, ríkisaðstoð nr. N 86/B/98 (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 330 frá 28. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt írsku áætlun um ríkisaðstoð til að kaupa notuð fiskveiðiskip, ríkisaðstoð nr. N 306/98 (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 330 frá 28. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt írsku áætlun um ríkisaðstoð til að endurnýja laxfiskflotann, ríkisaðstoð nr. N 343/98 (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 330 frá 28. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska áætlun um ríkisaðstoð til að fjárfesta í vígablámafiskveiðum, ríkisaðstoð nr. N 819/97 (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 330 frá 28. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt írsku áætlun um ríkisaðstoð vegna starfsþjálfunar í síldarútgerð, ríkisaðstoð nr. N 407/98 (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 330 frá 28. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt finnska áætlun um ríkisaðstoð til að styrkja þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja (aðgerð 1: aðstoð við smákaupmenn, ríkisaðstoð nr. N 278/98 (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 308 frá 28. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt finnska áætlun um ríkisaðstoð til að styrkja þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja (aðgerð 2: aðstoð við smákaupmenn, ríkisaðstoð nr. N 278/98 (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 308 frá 28. 10. 1998).

**Skrá yfir skjöl er varða EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu 98/EES/47/17
á tímabilinu 5. 10. til 16. 10. 1998**

Þessi skjöl fást hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna(*)

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu fjöldi
COM(98) 550	CB-CO-98-564-EN-C ⁽¹⁾	Orðsending frá framkvæmdastjórninni til ráðsins, Evrópuþingsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar, og svæðanefndarinnar - Efling sjálfstæðs atvinnureksturs og samkeppnishæfni“ – Svar framkvæmdastjórnarinnar við skýrslu vinnuhópsins BEST og tilmæli hennar	30.9.1998	5.10.1998	33
COM(98) 557	CB-CO-98-560-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2027/95 um að koma á kerfi til að stjórna sókn í ákveðin fiskimið í bandalaginu	7.10.1998	7.10.1998	7
COM(98) 559	CB-CO-98-566-EN-C	Orðsending frá framkvæmdastjórninni til ráðsins og í upplýsingaskyni til Evrópuþingsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar, og svæðanefndarinnar um upptöku og framkvæmd tilskipana um fjarskiptatíðnisvið	12.10.1998	12.10.1998	62
COM(98) 394	CB-CO-98-430-EN-C	Tillaga að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins	22.7.1998	14.10.1998	50
COM(98) 570	CB-CO-98-576-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EB) nr. 850/98 frá 30. mars 1998 um að vernda fiskveiðiauðlindir með tæknilegum aðferðum við verndun óþroskaðra sjávarlífvera	14.10.1997	14.10.1998	7
COM(98) 597	CB-CO-98-588-EN-C	Endurskoðuð tillaga að tilskipun ráðsins um mat á öryggi loftfara frá þriðju löndum sem nota flugvelli í bandalaginu	14.10.1998	14.10.1998	7
COM(98) 569	CB-CO-98-575-EN-C	Grænbók um baráttu gegn fölsunum og sjóræningjastarfsemi á hinum innri markaði	15.10.1998	15.10.1998	30

(*) Íslenska þýðingin á titlunum er til bráðabirgða.

(¹) „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

98/EES/47/18

Dómur dómstólsins frá 15. september 1998 í máli C-231/96 (beiðni um forúrskurð frá Tribunale di Genova): Edilizia Industriale Siderurgica Srl (Edis) gegn Ministero delle Finanze (endurgreiðsla á upphæðum sem innheimtar voru á ólögmatan hátt – málsmeðferðarfrestur samkvæmt landslögum).

Dómur dómstólsins frá 15. september 1998 í máli C-260/96 (beiðni um forúrskurð frá Corte d'Appello di Venezia): Ministero delle Finanze gegn Spac SpA (endurgreiðsla á upphæðum sem innheimtar voru á ólögmatan hátt – málsmeðferðarfrestur samkvæmt landslögum).

Dómur dómstólsins frá 15. september 1998 í sameinuðum málum C-279/96, C-280/96 og C-281/96 (beiðni um forúrskurð frá Tribunale di Genova): Ansaldo Energia SpA gegn Amministrazione delle Finanze dello Stato, Amministrazione delle Finanze dello Stato gegn Marine Insurance Consultants Srl og GMB Srl o.fl. gegn Amministrazione delle Finanze dello Stato (endurgreiðsla á upphæðum sem innheimtar voru á ólögmatan hátt – málsmeðferðarfrestur samkvæmt landslögum – vextir).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 15. september 1998 í máli C-431/97: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi (vanefnd skuldbindinga – tilskipun ráðsins 94/57/EB – vanræksla á að umsetja tilskipun).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 17. september 1998 í máli C-323/96: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn konungsríkinu Belgíu (vanræksla aðildarríkis á að standa við skuldbindingar sínar – opinberir verksamningar – tilskipanir 89/440/EBE og 93/37/EBE- vanræksla á að birta tilkynningu um samning – óréttmætt samstarfsútböð).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 17. september 1998 í máli C-400/96 (beiðni um forúrskurð frá Tribunal Correctionnel, Charleroi): Sakamál á hendur Jean Harpegnies (plöntuvarnarefni – landslög um samþykki viðkomandi yfirvalda – 30. gr. EB-sáttmálans).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 17. september 1998 í máli C-412/96 (beiðni um forúrskurð frá Korkein Hallinto-oikeus): Mál höfðað af Kainuun Liikenne Oy og Oy Pohjolan Liikenne Ab (flutningar – skylda um opinbera þjónustu – beiðni um að fella niður hluta skyldunnar um opinbera þjónustu).

Fyrirmæli dómstólsins frá 8. júlí 1998 í máli C-9/98: Ermanno Agostini og Emanuele Agostini gegn Ligue Francophone de Judo et Disciplines Associées ASBL og Ligue Belge de Judo ASBL (beiðni um forúrskurð – frávísun).

Mál C-295/98: Mál höfðað þann 23. júlí 1998 af lýðveldinu Ítalíu gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-312/98: Beiðni um forúrskurð frá Bundesgerichtshof samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 2. júlí 1998 í dómsmálinu Schutzverband gegen Unwesen in der Wirtschaft e. V. gegn Warsteiner Brauerei Haus Cramer GmbH & Co. KG.

Mál C-313/98: Beiðni um forúrskurð frá Oberlandesgericht Köln samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 4. ágúst 1998 í máli vegna sektar sem lögð var á Arnold Claasen.

Mál C-314/98: Beiðni um forúrskurð frá Nederlandse Raad van State samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 10. ágúst 1998 í dómsmálinu Snellers Auto's B. V. gegn Algemeen Directeur van de Dienst Wegverkeer.

⁽¹⁾ Sjá Stjttíð. EB nr. C 327, 24. 10. 1998.

Mál C-315/98: Mál höfðað þann 12. ágúst 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-317/98: Beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale, Udine (Sezione distaccata di Cividale del Friuli), samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 21. júlí 1998 í sakamáli fyrir þeim dómstól á hendur Claudio Chiarotti og Antonio Chillemi.

Mál C-318/98: Beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale, Udine (Sezione distaccata di Cividale del Friuli), samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 16. júlí 1998 í sakamáli á hendur Giancarlo Fornasar o.fl.

Mál C-323/98: Beiðni um forúrskurð frá Tribunale Civile e Penale di Verona samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 19. ágúst 1998 í dómsmálinu Idropi SpA gegn MTMD-Lydis Megatherm Magneta SA.

Mál C-324/98: Beiðni um forúrskurð frá Bundesvergabeamt samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 23. apríl 1998 í dómsmálinu Teleaustria Verlags Gesellschaft m.b.H. og Telefonadress GmbH gegn Post & Telekom Austria AG, þriðji aðili: Herold Business Data AG.

Mál C-327/98: Mál höfðað þann 4. september 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-328/98: Mál höfðað þann 4. september 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn konungsríkinu Belgíu.

Mál C-329/98: Mál höfðað þann 7. september 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn konungsríkinu Belgíu.

Mál C-331/98: Mál höfðað þann 7. september 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi.

Mál C-332/98: Mál höfðað þann 8. september 1998 af lýðveldinu Frakklandi gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-333/98: Beiðni um forúrskurð frá Commissione dei Ricorsi contro i Provvedimenti dell'Ufficio Italiano Brevetti e Marchi samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 16. desember 1997 í dómsmálinu Merck & Co. Inc. gegn Ufficio Italiano Brevetti et Marchi.

Mál C-334/98: Mál höfðað þann 11. september 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-335/98: Mál höfðað þann 11. september 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-345/98: Mál höfðað þann 22. september 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi.

Mál C-123/97 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Padova): Tommaso Nalon gegn Ente Poste Italiane.

Mál C-334/96 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Verwaltungsgericht Düsseldorf): Stadt Dormagen gegn Bezirksregierung Düsseldorf.

Mál C-357/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾ 98/EES/47/19

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 16. september 1998 í máli T-28/95: International Express Carriers Conference (IECC) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni – málshöfðun vegna yfirlýsingar um aðgerðarleysi – engin þörf á dómsmeðferð).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 16. september 1998 í máli T-110/95: International Express Carriers Conference (IECC) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni- endursending á pósti – aðgerð til ógildingar – máli að hluta til vísað frá – hagsmunir bandalagsins).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 16. september 1998 í máli T-133/95 og T-204/95: International Express Carriers Conference (IECC) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni – endursending á pósti – aðgerð til ógildingar – máli að hluta til vísað frá – hagsmunir bandalagsins).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 17. september 1998 í máli T-50/96: Primex Produkte Import-Export GmbH & Co. KG o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (aðgerð til ógildingar – innflutningur á hágæðanautakjöti ("Hilton beef") - reglugerð (EBE) nr. 1430/79 – 13. gr. – ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um að synja um undanþágu á innflutningsgjöldum – réttur málsvarnarinnar – greinileg matsmistök).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 15. september 1998 í máli T-54/96: Oleifici Italiani SpA og Fratelli Rubino Industrie Olearie SpA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (landbúnaður – fjármögnun á fhlutunaraðgerðum – tímabundin stöðvun á greiðslum vegna geymslu á sendingu á ólífuolíu á meðan gengið er úr skugga um eiginleika hennar – aðgerð til ógildingar og skaðabótamál).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 17. júlí 1998 í máli T-118/96: Thai Bicycle Industry Co. Ltd gegn ráði Evrópusambandsins (undirboð – meðalgildi – tilbúið verð – framleiðslukostnaður – sölukostnaður, ýmis kostnaður og stjórnsýslukostnaður – hagnaður – OEM-leiðrétting).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi (þriðja deild) frá 15. september 1998 í máli T-142/97: Eugénio Branco Lda gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (aðgerð til ógildingar – Félagsmálasjóður Evrópu – lækkan á fjárframlögun – vottun aðildarríkis – rangt mat á staðreyndum máls – lögmætar væntingar – réttarvissa - hlutfallsreglan).

Fyrirmæli forseta dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 14. ágúst 1998 í máli T-43/98 R: Emesa Sugar (Free Zone) NV gegn ráði Evrópusambandsins (sambandsfyrirkomulag landa og yferráðasvæða handan hafsins - ákvarðanir 91/482/EBE og 97/803/EB – málarekstur vegna tímabundinna ráðstafana – meðalganga – flýtimál - ekkert).

Fyrirmæli forseta dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 14. ágúst 1998 í máli T-44/98 R: Emesa Sugar (Free Zone) NV gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (sambandsfyrirkomulag landa og yferráðasvæða handan hafsins - ákvarðanir 91/482/EBE og 97/803/EB – málarekstur vegna tímabundinna ráðstafana – meðalganga – flýtimál - ekkert).

Mál T-100/98: Mál höfðað þann 30. júní af Anthony Goldstein gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-117/98: Mál höfðað þann 14. júlí 1998 af Società Camar s.r.l. og Società Tico s.r.l. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-120/98: Mál höfðað þann 3. ágúst 1998 af ALCE s.r.l. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

(¹) Sjá Stjttíð. EB nr. C 327, 24. 10. 1998.